

Góðan dag

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 247. fundi sem haldinn var 12. desember s.l.:

Tillaga til þingsályktunar fimm ára samgönguáætlun 434. mál og samgönguáætlun fyrir árin 2020 - 2034, 435. mál - 1912016

Erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. desember 2019, til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020 til 2024, 434. mál og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 til 2034, 435. mál

Umsagnarfrestur er til 10. janúar n.k.

Sveitarstjórn fagnar því að í samgönguáætlun 2020 til 2024 skuli vera gert ráð fyrir fjármagni til að ljúka framkvæmdum við Reykjaveg og Skeiða- og Hrunamannaveg á milli Einholtsvegur og Biskupstungnabrautar árið 2020. Varðandi þann hluta áætlunarinnar sem varðar greiðar samgöngur, þar sem tilgreind eru markmið hvað varðar fækkun einbreiðra brúa á hringvegi, vill sveitarstjórn Bláskógabyggðar benda á að rik þörf er fyrir fækkun einbreiðra brúa á umferðarmiklum stofnvegum, t.d. er umferðarmesta einbreiða brú landsins á Biskupstungnabraut yfir Tungufljót á milli fjölsótttra ferðamannastaða að Gullfossi og Geysi. Þá er einnig nauðsynlegt að tryggja Vegagerðinni fjármagn til að viðhalda malarvegum á svæðinu, en á mörgum þeirra er mjög þung umferð allt árið um kring, sama gildir um viðhald vega sem lagðir eru bundnu slitlagi. Sveitarstjórn fer þess á leit að tryggt verði að lagt verði bundið slitlag á Einholtsveg um Eystri-Tungu, sem er mikilvæg samgönguæð innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn fagnar því að veita skuli fjármagni til gerðar hjólastíga utan höfuðborgarsvæðisins.

Á 2. tímabili samgönguáætlunar 2025-2029 er gert ráð fyrir fjármagni í færslu Biskupstungnabrautar á svæðinu við Geysi og Tungufljót. Nauðsynlegt er að sú áætlun haldist, en svæðið ber mjög illa þann umferðarþunga sem þar er í dag. Loks vill sveitarstjórn minna á að nauðsynlegt er að sveitarfélögin hafi aðkomu að ákvarðanatöku um hugsanleg veggjöld og útfærslu þeirra.

kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri